

Að þessu sinni er Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Elisabet Vala Guðmundsdóttir
Gerhild Hammer
Jónína Þ. Thorarensen
Rós Pétursdóttir
Jelena Kuzminova

2. fiðla

Ólöf Júlía Kjartansdóttir
Drífa Örnarsdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Hekla Arnardóttir
Þórey Steinarsdóttir
Brynhildur Höskuldardóttir

Víola

Páll E. Ingvarsson
Sölvi Karlsson
Ellen Reichl

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Veronique Jacques
Brynja Cortes Andrésdóttir
Sverrir Teitsson
Anna Tryggvadóttir
Þorbjörg Sveinsdóttir

Kontrabassi

Roine Hultgren
Kjartan Guðnason
Leifur Benediktsson

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Karen Erla Karolínudóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Barclay Anderson
Jóhann Ingólfsson

Fagott

Þórður Magnús Tryggvason

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Brynjar Björnsson
Jóna Þórdís Eggertsdóttir

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Mirjam Schmidt

Básúnur

Einar Bjarni Björnsson
Valgeir Geirsson
Finnbogi Óskarsson

Pákur

Eggert Pálsson

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 21. október 2012 kl. 17:00



Einleikari:
Jón Sigurðsson

Stjórnandi:
Oliver Kentish

Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða í samvinnu við Kór Neskirkju 2. desember. Þeir verða haldnir í Neskirkju. Á efnisskránni er sjálfur Messías eftir Händel. Einsöngvarar verða Hallveig Rúnarsdóttir, Ragnhildur Þórhallsdóttir, Jóhanna Halldórsdóttir, Gissur Páll Gissurarson og Bjarni Thor. Stjórnandi verður Steingrímur Þórhallsson.



Bruckner, Mozart og Dvorák



Reykjavíkurborg

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2012.



Guðjón Ólafsson - listvæn prentsmíðja

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn.
Afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara

Efnisskrá:

Anton Bruckner (1824–1896): Forleikur í g-moll

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791): Píanókoncert nr. 9, „Jeunehomme“ K271

Allegro
Andantino
Rondo, Presto

HLÉ

Antonin Dvorák (1732–1809): Tékknesk svíta, ópus 39

Preludium (Pastorale): Allegro moderato
Polka: Allegretto grazioso
Sousedská (Minuetto): Allegro giusto
Romance: Andante con moto
Finále (Furiant): Presto

Um höfunda og tónverk:



Anton Bruckner (1824–1896) ólst upp og starfaði í Austurríki, seinni hluta ævinnar lengst af í Vín. Hann var þekktur sem orgelleikari, kennari og tónskáld. Sérstaklega eru sínfóniur hans vel þekktar en hann samdi einnig kórverk, mótettur og kammermúsík. Bruckner var alla tíð sérkennileg óöruggur með sjálfan sig og tónsmíðar sínar, sem kom einkum fram í því að hann breytti gjarnan verkum sínum og endursamdi, jafnvel dró þau til baka og eyðilagði. Þetta óöryggi smitaðist út til samtíma- og samverkamanna hans og voru þeir ófeymnir við að breyta líka verkum hans. Af þessari ástæðu eru til nokkuð fjölbreytilegar útgáfur á sumum verkunum og er stundum erfitt að finna hver hin upphaflega var. Forleikurinn í g-moll er saminn snemma á ferli tónskáldsins (1862–1863), þegar hann er að prófa sig áfram með sínfónísk form. Verkið ber ótvírætt höfundareinkenni hans þótt þar bregði líka fyrir greinilegum áhrifum samtímamanna og fyrirrennara. Hann var mikill aðdáandi Wagners. Gustaf Mahler bar mikla virðingu fyrir Bruckner og nefndi hann fyrirrennara sinn.



Mozart (1756–1791) samdi níunda píanókoncert sinn árið 1777 þegar hann var aðeins 21 árs, sem er til marks um ótrúleg afköst hans í tónsmíðum. Alls samdi hann 27 píanókonserta á ferli sínum auk alls annars sem eftir hann liggur. Flesta konsertana frumflutti hann sjálfur, enda frægur á sinni tíð fyrir afburðafærni við hljóðfærið. Nafnið sem festist við konsertinn númer 9, „Jeunehomme“ (ungur maður) hefur löngum valdið miklum heilabrotum. Það þótti ekki í anda Mozarts, sem yfirleitt tileinkaði verk sín fremur ungum og fallegum konum. Rannsóknir á seinni tímum hafa leitt í ljós að hér er sennilega á ferðinni misritun. Líklega er konsertin saminn fyrir unga og fallega konu þrátt fyrir allt. Það mun hafa verið Victoire Jenamy (1749–1812), sem var ágætur hljómborðleikari og dóttir Jean-Georges Noverre, frægs dansara sem var einn besti vinur Mozarts. Konsertinn er að mörgu leyti óvenjulegur að byggingu. Einleikshljóðfærið kemur fyrir til leiks en venja var á þessum tíma. Einnig er í lokaþættinum skyndilega brugðið á leik í hægan menúett, hugsanlega tilvísun í dansarann Noverre, föður Victoire.



Antonin Dvorák (1841–1904) vann fyrir sér fyrir hluta ævinnar sem fiðluleikari í hljómsveitar og kirkjuorgelleikari. Fyrstu sínfóniur hans vöktu athygli Brahms á tónskáldinu unga og fékk hann útgefanda sinn til að gefa út nokkur verka hans. Þessi verk voru byggð á slavneskum þjóðlögum og urðu þegar í stað mjög vinsæl og hafa verið það æ síðan. Þetta varð Dvorák mikil hvatning til að halda áfram á svipaðri braut og fylgdi Tékkneska svítan fast á eftir, sú sem hér verður flutt. Hún var samin 1879 en var ekki frumflutt fyrir en 1881 og ekki gefin út fyrir en löngu seinna. Hún ber sterk þjóðleg einkenni, eins og raunar mörg verka Dvoráks. Þeir kaflanna eru tékkneskir dansar.

Einleikari

Jón Sigurðsson hefur lokið meistaraprófi í píanóleik frá Arizona State University í Bandaríkjunum, burtfarar- og píanókenningarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og meðleikaranámi frá Söngskóla Sigurðar Demetz. Auk þess hefur hann kynnt sér Funktionale Methode. Helstu kennarar Jóns hafa verið Helga Laxness, Halldór Haraldsson, Erika Haase, Gerrit Schuil, og Caio Pagano og hefur hann tekið þátt í opnum kennslustundum hjá Ruth Slenczynska, Edith-Picht Axenfeld og Roger Woodward. Jón hefur haldið einleikstónleika regulega og komið fram með fjölmörgum hljóðfæraleikurum og söngvurum. Tveir geisladiskar hafa komið út hjá Polarfonia Classics þar sem Jón leikur m.a. verk eftir Scriabin, Barber, Schumann, Strauss og Mozart. Jón er tónleikagestum Sínfóníuhljómsveitar áhugamanna af góðu kunnur. Hann lék einleik í píanókoncertum Beethovens númer 1 og 3 á tónleikum hljómsveitarinnar í desember 2001 og mars 2004.

